

Tunnuhringur

Þetta verkefni hvetur nemendur til þess að taka meðvitað val og rökstyðja það. Til viðbótar við þessa grunnstoð styður verkefnið grunnstoðirnar "Að læra með því að hugsa" og "Að læra gegnum ígrundun og mat."

Áætluð útkoma - Nemendur eiga að:

- Geta rökstutt val.

Efni

- 3 hringir
- Tákn fyrir hvern nemanda
- Hlutir til að setja inn í hringina (sjá hér neðar)

Undirbúningur

- Veldu sögu eða aðstæður sem þú munt ræða um.
- Búðu til nokkrar spurningar sem eru byggðar á sögunni og/eða persónum sem nemendur þurfa að velja á milli. Gefðu upp fjölda hluta og/eða mynda sem tákna valið, t.d. myndir af persónum sögunnar.
- Gefðu hverjum nemanda tákn eða spjald sem er merkt honum.
- Stilltu nemendum upp í hring, settu hringina í miðjuna.

Skref-fyrir-skref leiðbeiningar

1 Fyrstu skrefin

Kynntu hringina fyrir nemendum. Settu hlut eða mynd inn í hvern hring. Láttu nemendur velja milli þessara tveggja hluta/mynda með því að spyrja þá spurninga. Nemendur setja sína mynd inn í hring að eigin vali. Þeir útskýra hvers vegna, t.d., hvað viltu spila? Hver finnst þér fallegust? Hvað notarðu til að...?

2 Innlögn

Segðu frá aðstæðum eða lestu söguna. Athugaðu hvort nemendur skilji um hvað sagan fjallar..

- Hver er ...?
- Hvað gerðist?
- Hvað er ...?
- Hvar og/eða hvenær gerðist ...?
- Hvernig gekk ...?

Leyfðu nemendum að draga saman söguna.

3 Að taka ákvarðanir

Segðu söguna aftur, ef þörf krefur. Settu hlutina eða myndirnar inn í hvern hring.

- Hvað hefur a eða b með söguna eða aðstæðurnar að gera?

Spyrðu spurninga um valið.

- Hvað myndir þú velja/gera til að ... a eða b?
- Hvor persónanna tveggja heldurðu að sé meira ...?

Nemendur setja táknið sitt inn í hring að eigin vali.

Fáðu fram ástæðuna fyrir valinu.

- Hvers vegna valdir þú a/b?
- Hverjir aðrir völdu a/b? Valdir þú það af sömu ástæðu eða annarri?
- Hvað finnst þér um rök nemanda a? Hver er (ó)sammála? Hver vill tjá sig?

Endurtaktu þetta fyrir aðrar spurningar og/eða brot úr sögunni.

Ábendingar

- Ef þú ert að segja langa sögu geturðu skipt henni upp og lagt þessa æfingu fyrir í bútum. Spyrðu spurninga á eftir brotinu sem þær tengjast.
- Er nemandi með nýja uppástungu sem er ekki í hringjunum? Kynntu þér þriðja hringinn „Ég vel eitthvað annað“. Láttu nemandann fyrst segja hvers vegna hinir hlutirnir eru ekki „fullnægjandi“ og hvers vegna nýi hluturinn er betri kostur.

Ekki fela rökin í spurningunni.

- Í stað þess að spyrja: „Hvort velur þú þér til að leika með úti svo þú blotnir ekki? Regnhlíf eða veiðinet? Því þá munu börnin sjálfkrafa velja regnhlífina, „því þá verða þau ekki blaut“.
- Spyrðu frekar: „Hvað velur þú þér að leika úti með þegar það rignir? Regnhlíf eða veiðinet? „Regnhlíf, því þá verð ég ekki blautur“. „Veiðinet, svo ég geti veitt froska.“

4 Afbrigði

Þú getur notað þessa æfingu fyrir margs konar inntak og val tengt því. Ef þú vilt að nemendur hugsi um annað efni, skiptu hlutunum í hringjunum út fyrir:

- Broskalla
- Rökum, á miðum með lími
- Myndir af aðstæðum

5 Ígrundun

- Hvað bað ég þig að gera?
- Hvernig var að velja? Hvers vegna?
- Hvernig var tilfinningin að þurfa að réttlæta val þitt?
- Hvaða rök bekkjarfélaga fannst þér áhugaverð/koma á óvart?
- Á hvaða efni myndir þú vilja beita þessari æfingu aftur?